



Fundargerð framkvæmdastjórnar Sósíalístaflokks Íslands

Fundur framkvæmdastjórnar 7. janúar 2019, var haldinn í Hlutverkasetri Borgartúni 1, 2. hæð kl. 19:00 í. Meðlimir félagastjórnar mættu einnig á fundinn.

Mætt voru: Pála Sjöfn, Elsa Harðardóttir, Kolbrún Valvesdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Bogi Reynisson, Reinhold Ritcher, Laufey Ólafsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Katrín Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Abubakr sem mætti í fyrsta skipti og Jóhann Helgi Heiðdal tók þátt í gegnum Skype. Sigurður H. Einarsson tók sæti síðar á fundinum. Sanna Magdalena Mörtudóttir ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðustu funda

Frestað. Verður birt rafrænt á vefsvæði stjórnar og borin upp til samþykktar.

2. Félagsfundur 19. janúar; undirbúningur, tillögur, fólk til stjórnarstarfa

Umræða fór fram um dagskrá fundarins og áhersla lögð á mikilvægi þess að virkja áhugasama félaga til þátttöku í innra starfi. Nokkrir áhugasamir hafa gefið sig fram í gegnum tölvupóstsamskipti og samþykkt var að kanna áhuga þeirra til stjórnarsetu.

Umræða fór fram um tillögu þess efnis um að kröfugerð Starfsgreinasambandsins verði hluti af stefnu flokksins og sú tillaga verður borin upp á félagsfundi þann 19. janúar.

3. Uppgjör vínylplötumarkaðar Maístjörnunnar, næstu skref

Gjaldkeri og verkefnastýra eru að vinna að uppgjöri vínylplötumarkaðar sem verður kynnt á næsta fundi. Næstu skref Maístjörnunnar eru að bjóða upp á námskeið fyrir þá sem vilja búa til hagsmunabárattu fyrir sinn hóp. Ákveðið að ræða nánar á næsta fundi.

4. Fjölgun félaga, starf á landsbyggðum, nærsveitum og víðar

Unnið að því að kynna flokkinn nánar. Umræða fór fram um mikilvægi þess að meðlimir stjórnar kynni flokkinn út á við og hvetji áhugasama til þess að skrá sig.

5. Fundarboð á Kjörnefnd, undirbúningur fundar

Nú er búið að fullmanna kjörnefndina með slembivöldum félögum flokksins og ákveðið var að vinna að undirbúningi fyrsta kjörnefndarfundar ársins.

6. Fréttir af sellum

Frestað.

7. Verkaskipting félagastjórnar

Frestað. Unnið að því að fá fleiri til virkrar þátttöku innan félagastjórnar.

8. Virkjun Stéttabaráttunnar, verkalýðsráðs sósíalista

Umræða fór fram um næstu skref verkalýðsráðsins. Einnig var rætt um mikilvægi þess að upplýsingar um réttindi verkalýðsfólks séu aðgengilegar.

9. Fjármál

Frestað þar sem gjaldkeri var upptekinn á öðrum fundi flokksins.

10. Önnur mál

Samfélagsástandið var til umræðu, með áherslu á stöðu hinna verst stöddu, jafnt sem leiðir til að sýna samstöðu með þeim og baráttu þeirra.

Fleira fór ekki fram.